

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir nú rætt frv. þetta á mörgum fundum og gert við það allmargar breytingartillögur. Stendur öll nefndin að mörgum þeirra, þó eigi hafi náðst samkomulag um þær allar. En af því leiðir, að þeir nefndarmenn, sem eigi hafa getað fallist á flestar breytingartillögur þær, sem meiri hlutinn hefir aðhýlst, munu skrifa sjerstakt eða sjerstök nefndarálit.

Meginþorri brtt. þeirra, sem meiri hlutinn ber fram, miða að því að auka öryggi bankans, og virðist meiri hlutanum full nauðsyn á því, að öryggið sje eftt eftir því, sem velta hans stækkar og ábyrgðin verður viðtækari, sem ríkissjóðurinn ber af honum.

Þar sem Landsbankinn er ríkissjóðseign, er enginn efi á því, að ríkissjóðurinn beri alla ábyrgð á honum og öllum skuldbindingum hans, en þær voru 31. desember 1925 um 50 miljónir króna, auk ábyrgðarinnar fyrir 3 allstórum reikningslánum í útlöndum, 2 tekin 1921 og 1 tekið á þessu ári.

Það er augljóst, að svo stór peningaverslun er ekki með öllu áhættulaus fyrir ríkissjóðinn í landi, sem verður að reka svo áhættusama atvinnuvegi eins og reynslan hefir jafnan sýnt, og ekki síst síðustu árin, eins og reikningar bankanna sýna. Það er því tvent til, annaðhvort að bankarnir láni gætilega, til að firra ríkissjóð tapi, eða, ef ekki er lánað með gætni, að veita lán með okurvöxtum, sem atvinnuvegirnir rísa ekki undir. Telur meiri hlutinn fyrri leiðina haldbetri og áhættuminni er til lengdar lætur.

Svo hefir Alþingi gengið frá Landsbankanum, að hann hefir ekki haft neina venjulega yfirstjórn, sem starfað hafi í bankanum, nje »kritiska« endurskoðun, sem hvarvetna annarsstaðar er talið óumflýjanlegt í slíkum stofnunum. Slíka yfirstjórn af þingsins hálfu hefir Landsbankinn ekki haft síðan gæslustjórafyrikomulagið var lagt niður.

Meiri hlutinn hefir því með tillögum sínum lagt mikla áherslu á að bæta úr þessum eftirlitsskortum, svo þjóðin geti verið örugg um, að bankanum verði sem best stjórnað og að sem mest verði dregið úr áhættu ríkissjóðsins.

Af því að mál þetta útheimtir nokkra sjerþekkingu, þá vill meiri hlutinn láta koma fram í áliti þessu helstu ástæðurnar fyrir breytingartillögunum, sem byggðar eru á þeim upplýsingum, sem meiri hlutinn hefir getað aflað sjer. Og eru ástæðurnar í stuttu máli þessar:

Þar sem eigi liggur fyrir nein úttekt eða mat á hag bankans eins og hann nú er, getur meiri hlutinn ekki sagt neitt ákveðið um, hversu mikið stofnfje verði að leggja bankanum um leið og bann tekur við seðlaútgáfurjettinum, því bæði verður að tryggja það, að seðlabankinn hafi nægt eigið fje til að kaupa fyrir nauðsynlegan gullforða, og svo hæfilegan varasjóð í byrjun fyrir sparisjóðinn, sem mun nú vera um 30 miljónir króna.

Nefndin hefir því komið sjer saman um að leggja til, að þetta stofnþje verði fyrst um sinn ákveðið 5 miljónir króna, og er sú upphæð aðeins $\frac{1}{2}$ milj. krónum hærri en bankastjórn Landsbankans hefir skýrt stjórninni frá, að í minsta lagi mætti komast af með.

Þá upphæð mætti svo síðar hækka, eftir því sem niðurstaða matsnefndarinnar, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögum, kynni að gefa tilefni til.

Við 7. gr.

Sú breytingartillaga mun eigi þurfa neinnar skýringar við.

Við 8. gr.

Nefndin öll telur gullforðatrygginguna of lága, 33%, ef gert er ráð fyrir raunverulegri innlausn seðla með gulli, ef á þarf að halda, sem óhjákvæmilegt er að gera ráð fyrir. Gullforðatrygging eins lands hefir og viðtækara augnamið en einungis að leysa inn seðla. Hún hefir einnig það augnamið, að vera nokkurskonar tryggingarsjóður landsins alls, þegar svo kemur fyrir, að ekkert er gjaldgengt nema gull, er út fyrir landssteinana kemur. Einnig styrkir nægilega hár gullforði lánstraust landsins í útlöndum.

Gullforði nokkurra Evrópu-seðlabanka var þannig fyrir stríðið mikla:

Austurríki... ..	40 %/o í málmi
Ítalía	40 %/o í málmi
Svítaríki	40 %/o
Niðurlönd... ..	40 %/o
Svissland	40 %/o í málmi
Serbía... ..	40 %/o í málmi
Rúmenía	40 %/o í gulli
Þýskaland fyrir stríðið 33 %/o, eftir	
striðið	40 %/o
Rússland	50 %/o
Danmörk	50 %/o
Belgía... ..	33 %/o í málmi
Spánn	33 %/o í málmi
Búlgaría	33 %/o í gulli

Af seðlabönkum þessara landa voru aðeins 3 bankar ríkisbankar, Ríkisbanki Svía, Rússlandsbanki og Búlgaríubanki.

Gullforði sá, sem í frumvarpinu er ákveðinn, er lægri en allra Evrópulanda. Nefndin öll hefir því orðið sammála um að leggja til, að gullforðinn verði ákveðinn 40 %/o, en haldið hlutföllunum að öðru leyti óbreyttum. Þannig verður gullmyntarforðinn sjálfur 30 %/o.

Þá leggur meiri hlutinn til, að síðari málsgr. 12. gr. falli burt, og telur hana til engra bóta, þó lík aðferð finnist í seðlabankalögum eins lands (á Spáni).

Við 12. gr.

Nefndin var sammála um að fella burtu fyrri málsgr. 12. greinar, telur, að eigi sje hagkvæmt að láta það liggja alt of laust fyrir að upphesja innlausn

seðla fyrir gull, og að ríkisstjórnin eigi að bera ábyrgð á því, ef til þess ráðs þarf að taka.

Við 14. gr.

Breytingar þessar eru svo smávægilegar, að eigi virðist ástæða til að skýra þær nema í framsögu.

Við 15. gr.

Það leiðir af því, sem Alþingi hefir þegar gert ákvæði um ábyrgðir fyrir Landsbankann, að málsgrein þessi falli niður.

Við 19. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 21. gr.

Leiðir af því, að lagt er til að landsbankanefndin falli burt.

Við 23. gr.

Engin ástæða virðist vera til að skylda bankann til að greiða kostnað við seðlagerð og bankabyggingar á 5 árum. Er því lagt til, að hann megi skifta kostnaði af því á 10 ár.

Við 24. gr.

Hjer er lagt til, að varasjóður megi verða 4 miljónir, í staðinn fyrir þrjár miljónir, til frekara öryggis.

Við 26. gr.

Eigi virðist ástæða fyrir bankann að blanda víxlum með stuttum eða löngum gjaldfresti inn í þessa tryggingu. Varasjóður bankans hreyfist aðeins einu sinni á ári, og ætti því að nægja að nota verðbrjef eða innieign erlendis til þessa tryggingarfyrirkomulags.

Við 29. gr.

Þegar þessi grein er athuguð í sambandi við síðustu málsg. 61. gr., þá virðist svo, sem bankanum sje heimilt að vera verðbrjefalaus í byrjun. Samkvæmt reikningi bankans 31. des. 1925 átti bankinn í verðbrjefum sem svarar 12% af sparisjóðsfe sinu, og mun hafa aukið þá verðbrjefaeign sína árið 1926 að talsverðum mun. Það ætti því að vera óhætt að skylda bankann í byrjun til að eiga 15% í verðbrjefum, og er ætlast til, að hann auki þá verðbrjefaeign sína upp í 30% smámsaman.

Við 33. gr.

Svo er til ætlast eftir frumvarpi þessu, að yfirstjórn bankans sje í höndum 15 manna nefndar og ráðherra. Skal Alþingi kjósa þessa nefnd til 6 ára, með hlutfallskosningu. Verkefni þessarar nefndar er að mestu leyti talið upp í 41. gr. Sýnilega er gert ráð fyrir, að nefndin sje skipuð mönnum þjer og þar af landinu, og verkefni hennar er aðeins dálitið brot af því, sem bankaráðum við seðlabanka *alment* er ætlað að vinna, sem *kannáttu* hafa í þeim efnun. Er nefnd þessari ætlað að starfa kauplaust.

Þessir menn, sem flestir munu verða alveg ókunnugir bankastörfum, eiga fyrst og fremst samkv. 41. gr.:

„a. að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, eftir tillögum bankaráðsins«, sem þessi sama nefnd velur.

Meiri hlutinn sjer ekki, hvað er unnið við þetta fyrirkomulag. Hann sjer ekki betur en að það sama þing, sem velur nefndina, geti einu valið bankaráðið án milligöngu slíkrar nefndar. Og að bankaráðið geti einnig valið 2 endurskoðunarmenn til eins árs í senn.

Meiri hlutinn álitur, að best sje að hafa fyrirkomulag stjórnar bankans sem óbrotlast, svo að sem hægst sje að finna, hverjir beri ábyrgðina af rekstri hans.

Komið hefir fram sú skoðun, að margmenn yfirstjórn geti orðið stöð fyrir bankann, að í því liggi styrkur fyrir hann, að sem flestir verði skuldbundnir til að veita honum stöð, vegna þess, að þeir sjeu háðir stjórnarstörfunum. En meiri hlutinn litur svo á, að hollast sje, að bankinn sjálfur ávinni sjer hylli almennings og traust með venjulegri reglu og rjettsýni í framkvæmd stjórnarstarfsins.

Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar til, að *starfandi* bankaráð *innan bankans sjálfs* hafi stöf landsbankanefndarinnar á hendi. Af þessu leiðir, að lagt er til, að 34. gr. falli burt.

Við 35. gr.

Hjer er lagt til, að *rikisstjórnin* velji bankaráðsformanninn. Þykir meiri hlutanum meiri trygging fyrir því, að valið hepnist sæmilega, ef fleiri en einn ráðherra á að ráða því vali. Hina 4 bankaráðsmennina ætlast meiri hlutinn til, að hvor deild um sig skipi, með hlutfallskosningu, og að bankaráðsmennirnir sjeu utanþingsmenn í því skyni, að skapa meiri ró um bankaun og meira öryggi. Þar sem geit er ráð fyrir, að bankaráðið vinni daglega, þá er óþjákvæmilegt að hækka þóknun þeirra. Bankaráðið *utan* bankans telur meiri hlutinn lítills virði, eins og reynslan hefir sýnt.

Við 42. gr.

Eins og áður er getið, ætlast meiri hlutinn til, að bankaráðið sje *starfandi* bankaráð, líkt og gæslustjórnarnir voru á sinni tíð, og álitur hann, að það sje það eina eftirlit, sem hjer eigi við. Það gefur bankastjórunum síðferðilegan styrk til að fara aldrei út í öfgar, og það er ekki lítill styrkur fyrir þá að geta bent aðsúgsmiklum lántakendum á, að þeir sjeu ekki ábyrgðarlausir og að gerðir þeirra standi undir sterku eftirliti. Ættu bankaráðsmennirnir að atbuga hinar ýmsu starfsgreinar á víxl. Með því móti geta allir bankaráðsmennirnir lært að þekkja allar starfsgreinar bankans.

Og með þessu móti *læra þeir* að þekkja þau störf, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, því búast má við, að þeir komi að starfinu meira og minna óvanir, og ef til vill alls óvanir. Af því bankaráðið er *yfirstjórn* bankans og sett til eftirlits, þá á það auðvitað að ráða því, hvenær bankastjórnarnir eiga að mæta á fundum þess, þegar eigi er um mál að ræða, sem þeir samkvæmt lögnum eiga að gera út um í sameiningu við bankastjórnina. Þá er geit ráð fyrir, að bankaráðið

leggi fundabók sína fyrir fjárhagsnefndir Alþingis og gefi skýrslu um ástand bankans. Það ætti að auka ábyrgðartilfinningu þess, enda ber það þá ábyrgð á verkum sínum.

Rjett telur meiri hlutinn, að bankaráðinu sje frjálst að velja maðn til eftirlits með útibúunum. Eigi er auðið fyrir neina bankastjórn að gefa áreiðanlega skýrslu um það, »hve mikið fje sje bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma«. Það er kunnugt, að atvinnugreinarnar grípa svo hver inn í aðra, að ómögulegt er að greina slíkt að. Það mundi og baka bankanum afarmikið en árangurslaust verk og aukinn kostnað.

Við 43. gr. Við liðinn k.

Þar sem Landsbankinn hefir ekki haft neitt bankaráð eða yfirstjórn, sem litid gæti daglega eftir öllum framkvæmdum í bankanum, og enga »kritiska« endurskoðun að staðaldrí, sem bæri að gefa stjórninni eða þinginu neina skýrslu um stjórn og staifsemi bankans, hefir bankastjórnin ein veitt eftirgjafir á lánun í allstórum stíl. Engum virðist því kunnugt nema bankastjórninni einni, hverjar eru ástæður fyrir því, að svo miklar upphæðir hafa tapast síðustu árin.

Af því meiri hlutann brestur allar upplýsingar um þetta atriði, vill hann setja nokkrar skorður við því, að viðskiftamenn bankans geti fyrirhafnarlitið gengið inn í bankann og krafist eftirgjafar á skuldum sínum, sem er of náskylt því að fara í rikissjóðinn sjálfan og biðja um eftirgjafir.

Þess vegna leggur meiri hlutinn til, að eftirgjafir á skuldum bankans sjeu að öllum jafnaði ekki veittar nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða opinberir nauðasamningar, þegar sú leið getur átt við.

Að öðru leyti er ætlast til, að bankaráðið bóki allar slíkar eftirgjafir í gerðabók sína, sem gert er ráð fyrir, að lögð verði fyrir fjárhagsnefndir Alþingis til álita. Þau störf, sem landsbankanefndinni var ætlað að vinna samkvæmt 41. gr., er lagt til, að bankaráðið frænkvæmi, nema að úrskurða ársreikninga bankans, sem ráðherra er ætlað að gera, samkvæmt viðaukanum við 22. gr.

Við 44. gr.

Hjer er lagt til, að meiri áhersla sje lögð á, að aðalbankastjórinn sje bankastjórastafinu vel vaxinn, að hann hafi viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, en að hann hafi völd fram yfir hina bankastjórana. Þá er ætlast til, að minni hluti geti gert ágreiningsatkvæði í fundabók bankastjórnarinnar eða dagbækurnar, ef honum hris svo hugur við einhverri ályktun meiri hlutans, t. d. lánveitingu, að hann finni ástæðu til að gera skriflegt ágreiningsatkvæði um það í gerðabókina eða í dagbækurnar. Skal því máli þá áfrýjað til bankaráðsins til úrslita.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þegar bankinn á að vera í þrem deildum, sem hver sje annari óháð, þá hafi hver deild dagbók fyrir sig, og að bankaráðið hafi daglega aðgang að þeim.

Óft er bankastjóri fjarverandi, og er því lagt til, að hann beri meðábyrgð á því, sem bankastjórnir gera í fjarvist hans, nema hann geri um það ágreiningsatkvæði í funda- eða dagbækurnar, er hann kemur heim.

Við 46. gr.

Breyting þessi er aðeins gerð til að laga ósamræmi milli síðustu máls- greinarinnar í 44. gr. og niðurlags 46. gr.

Við 60. gr.

Í þessari grein gerir frumvarpið ráð fyrir úttekt á bankanum í hend- ur bankaráðsins.

Breytingartillagan leggur til, að fyllri ákvæði sjeu sett um, hvernig sú út- tekt fari fram og hvaða vald skuli útnefna matsmennina.

Til þess að þetta mat geti orðið sem óhlutdrægast, leggur meiri hlutinn til, að hæstirjettur útnefni matsmennina.

Að lokum leggur meiri hlutinn til, að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyr en frá 1. janúar 1928, með því að matsnefndin mun þá um það bil hafa lokið störfum sínum, og getur bankaráðið þá vitað hjer um bil um frá upphafi, við hverju það tekur.

Einn nefndarmanna úr meiri hlutanum (B. Kr.) vill láta þess getið, að skoðun hans sje óbreytt, sem hann hefir jafnan haldið fram, að happasælast væri, að seðlabankinn væri sjerstök stofnun. En þar sem engin von sje um, eins og þing sje skipað, að fá málinu framgengt á þeim grundvelli, sætti hann sig við þetta frumvarp, ef breytingartillögur meiri hlutans verði samþykta, að minsta kosti í aðalatriðum.

Meiri hlutinn leggur svo til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Fyrir »4 miljónir« komi: 5 miljónir.
2. Við 7. gr. Á eftir orðunum »tölu gullmynta« komi: en í skiftimynt, ef upp- hæðin er minni.
3. Við 8. gr.
 - a. Fyrir » $\frac{1}{2}$ « komi: 40%.
 - b. Síðasta málsgr. falli burt.
4. Við 12. gr.
 - a. Fyrri málsgr. falli burt.
 - b. Orðið »þá« í 1. línu 2. málsgreinar, og orðin »Landsbankanefndin eða« falli burt.
5. Við 13. gr. 1. lið. Orðin »á dálk eða« falli burt.
6. Við 14. gr.
 - a. Við 1. lið. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjecca.
 - b. Við 2. lið, 1. málsgr. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjecca.
 - c. Við 2. lið, síðari málsgr. Orðin »Og ávísanir« falli burt.
 - d. Aftan við 2. lið komi ný málsgr., svo hljóðandi: Ef ávísanirnar, sem seðla- bankinn kaupir, sem greiðast eiga innanlands eða utanlands, eru af-

sagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls, öðlast þær í öllu tilliti víxilrjett.

- e. Aftan við þennan lið komi nýr 3. liður, svo hljóðandi: Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
 - f. 3. liður verði 4. liður.
 - g. Við 4. lið, sem verður 5. liður. Liðurinn orðist svo: Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
 - h. Á eftir 5. lið, sem verður 6. liður, komi nýr 7. liður, svo hljóðandi: Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætt á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $\frac{1}{3}$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.
 - i. Við 6. lið. Liðurinn falli burt.
7. Við 15. gr. síðari málsgr. Málsgr. falli burt.
 8. Við 19. gr. Fyrir »formanni bankaráðsins« komi: bankaráðinu.
 9. Við 21. gr., í 5. línu að ofan. Fyrir orðin »sem landsbankanefndin kýs« komi: sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins.
 10. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein: Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.
 11. Við 23. gr. 1. lið. Fyrir »5 ár« komi: 10 ár.
 12. Við 24. gr. Fyrir »3« á þrem stöðum komi: 4.
 13. Við 26. gr.
 - a. 2. liður falli burt.
 - b. 3. liður verður 2. liður.
 14. Við 28. gr.
 - a. Á eftir orðunum »Að kaupa og selja víxla« komi: tjecca.
 - b. Við 2. lið. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjecca.
 15. Við 29. gr.
 - a. Fyrir $\frac{1}{3}$ komi: 15%.
 - b. Aftan við fyrri málslið bætist: Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt.
 16. Við 33. gr.
 - a. Fyrir orðið »landsbankanefndar« komi: 5 manna bankaráðs.
 - b. Orðin »stjórn bankans« til enda greinarinnar -- falli burt.
 17. 34. gr. falli burt.
 18. 35. gr., sem verður 34. gr., orðist svo: Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hinir 4 bankaráðsmennirnir, sem skulu vera utanþingsmenn, skulu kosnir til 4 ára í senn, og skal kosning þeirra fara þannig fram, að efri deild Alþingis kýs 2 þeirra með hlutfallskosningu og 2 varamenn, en neðri deild kýs 2 þeirra, einnig með hlutfallskosningu, og 2 varamenn. 2 aðalmenn og 2 varamenn skulu ganga úr annaðhvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvorir skuli úr ganga, aðalmenn og varamenn þeir, sem efri deild eða neðri deild kaus. Bankaráðsmennina og varamennina má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 5000 krónur í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 3000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

19. Við 36. gr., sem verður 35. gr. Orðin »landsbankanefnd og« — »nefndar­maður eða« og »nefndinni eða« falli burt.
20. 37. gr. verði 36. gr.
21. 38., 39., 40. og 41. gr. falli burt.
22. Við 42. gr., sem verður 37. gr.
 - a. 1., 2. og 3. málsgrein orðist svo:

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að for­maður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir, að öllum jafnaði tveir í senn á vixl, annan hvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórn­arinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórnarnir skuli mæta á fundum þess. Reglu­lega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifði ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrir­komulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

- b. Við síðustu málsgr. Fyrir orðið »aðalbankastjóri« komi: framkvæmdar­stjórnin.
 - c. Orðin í sömu málsgrein »hve mikið af fje bankans sje bundið í hverri atvinnugrein« falli burt.
23. Við 43. gr., sem verður 38. gr.
 - a. Við lið a. Orðin »landsbankanefndinni eða« falli burt.

- b. Við lið e. Aftan við liðinn bætist: svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.
- c. Við liðinn k. Liðurinn orðist svo:
Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
- d. Aftan við liðinn m komi nýr liður n, svo hljóðandi:
Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
- e. Á eftir þeim lið komi nýr liður o, svo hljóðandi:
Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).
- f. Á eftir þeim lið komi nýr liður p, svo hljóðandi:
Að kjósa 2 endurskoðunarmenn til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra, alt með samþykki ráðherra.
- g. Við lið n. Liðurinn verði q.
- h. Við síðustu málsgr. Málsgreinin falli burt.
24. Við 44. gr., sem verður 39. gr.
- a. 1. málsgrein orðist svo:
Aðalbankastjóri, er hafi viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.
Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.
- b. Þriðja og fjórða málsgrein orðist svo:
Framkvæmdarstjórnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að vera á fundi, enda sjeu þeir sammála.
Að jafnaði ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar úrslitum.
Minni hlutinn hefir þó rjett á að skrifa rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í fundarbókina eða dagbækurnar, og skal ágreiningsatriðið þá lagt fyrir bankaráðið til úrslita.
Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundabókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.
Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.
Fundabókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.
Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrif ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundabókina eða dagbækurnar.
- c. Talan 43. gr. c. í síðustu málsgrein verði 37. gr.
25. Við 45. gr., sem verður 40. gr. Talan 43 verði 38.

26. Við 46. gr., sem verður 41. gr. Orðin »nema með samþykki« til enda greinarinnar orðist svo: nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.
27. 47.—59. gr. verða 42.—54. gr.
28. Við 60. gr. Kosning bankaráðsmanna fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927, skipar ríkisstjórnin síðan formann og varaformann bankaráðsins.
Að loknu Alþingi 1927 skal hæstirjettur skipa 5 manna nefnd viðskiftafróðra manna, sem skulu meta allan hag bankans. Hæstirjettur ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.
Sjerstaklega skal meta allar útistandandi skuldir, fasteignir og aðrar eignir bankans. Skal því mati vera lokið fyrir 1. febrúar 1928 og afgreitt til ríkisstjórnarinnar.
Samkvæmt mati nefndarinnar tekur bankaráðið við eignum bankans og yfirstjórn og sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd sem fyrst, og eigi síðar en 1. janúar 1929. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.
29. Við 61. gr., sem verður 56. gr.
Síðasta málsgr. falli burt.
30. Við 62. gr., sem verður 57. gr., við fyrri málsgr. Síðari málsliður orðist svo: Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglar gilda og í gildi voru er þeir tóku sæti í bankastjórninni.
31. 63.—68. gr. verði 58.—63. gr.
32. Við bætist ný gr., sem verður 64. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Alþingi, 7. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, Jónas Kristjánsson.
form. og frsm.

Þó jeg sje i mörgu samþykkur nefndaráliti þessu, þá felur það eigi að siður í sjer ýmislegt, sem jeg get ekki felt mig við, og mun jeg gera grein fyrir því við umræður málsins í deildinni.

Jóhann P. Jósefsson.